

Fimmtudagurinn 11. mars 1999 kl. 09:30

123. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/1999

**Kvörtun Siglingaskólans vegna námskeiða Stýrimannaskólans
til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda**

I.

Erindið og málavextir

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Verslunarráði Íslands, dags. 26. nóvember 1998, í umboði skólastjóra Siglingaskólans. Hann telur að fyrirtæki sitt verði fyrir ójafnri samkeppni af hálfu Stýrimannaskólans í Reykjavík, sem undirbjóði Siglingaskólann á markaði fyrir námskeið vegna 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda. Þetta sé mögulegt þar sem Stýrimannaskólinn geti staðið undir margvíslegum kostnaði vegna námskeiðahaldsins með rekstrarfé sem komi frá ríkinu.

Í erindinu segir að þessi meinta ójafna samkeppni hafi áður komið til umfjöllunar hjá Samkeppnisstofnun, meðal annars fyrr á þessu ári. Ekki verði hins vegar séð að málið hafi fengið umfjöllun hjá samkeppnisráði. Verslunarráð fer því fram á að ráðið grípi til aðgerða á grundvelli 17. gr. og eða 2. mgr. 14 gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með síðari breytingum.

Ennfremur segir að Siglingaskólinn, sem sé einkafyrirtæki hafi boðið upp á námskeið til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda frá hausti 1984 og hafi leyfi menntamálaráðuneytisins til þess að reka þá starfsemi. Starfsemi skólans sé alfarið fjármögnuð með námskeiðsgjöldum. Stýrimannaskólinn í Reykjavík hafi boðið upp á sambærileg námskeið frá hausti 1985 og hafi innheimt gjöld af nemendum en þau hafi að jafnaði verið lægri en hjá Siglingaskólanum. Hafi þessi munur aukist verulega að undanfögnu, ekki síst nú í haust og hafi gjöldin hjá Stýrimannaskólanum lækkað á sama tíma og Siglingaskólinn hafi orðið að hækka gjöldin vegna kostnaðarhækkana. Námskeiðsgjöld séu nú á haustmisseri 1998 kr. 19.000 hjá Stýrimannaskólanum en kr. 32.000 hjá Siglingaskólanum skv. upplýsingum Verslunarráðs.

Skipulag námskeiðanna sé í öllum meginatriðum sambærilegt. Um sé að ræða námskeið sem nemendur skrá sig sérstaklega í. Þau standi í nokkrar vikur og byggist á tímasókn tvisvar til þrisvar í viku. Bæði sé boðið upp á dagnámskeið og kvöldnámskeið hjá Siglingaskólanum, en hjá Stýrimannaskólanum sé einvörðungu um kvöldnámskeið að ræða. Heildarfjöldi nemenda, sem stundi námið og skiptist á milli skólanna tveggja, hafi að jafnaði verið milli 80 til 100 á undanförunum árum.

Ennfremur segir að telja verði líklegt að hjá Stýrimannaskólanum þurfi námskeiðsgjöld ekki að standa undir þeim raunverulega kostnaði, sem námskeiðshaldinu fylgi, heldur séu ýmsir kostnaðarliðir greiddir af ríkisframlagi Stýrimannaskólans. Heildarkostnaður við námskeiðahaldið sé margháttaður og séu útgjöld ýmis önnur en kennslulaun, þótt þau sé stór hluti af heildarkostnaði. Siglingaskólinn þurfi hins vegar að standa straum af öllum kostnaði með innheimtu námskeiðsgjalda. Séu allar líkur á að Stýrimannaskólinn geti keppt við Siglingaskólann á ójöfnum forsendum vegna ríkisstyrks.

Ennfremur segir í erindinu:

„Lagalegt umhverfi

1. Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna

Í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 112/1984 með síðari breytingum er kveðið á um 30 rúmlesta réttindin í 7. gr. Í 1. mgr. kemur fram að til þess að öðlast slík réttindi þurfi menn að hafa lokið prófi frá viðurkenndum skóla og hafa uppfyllt ákveðin skilyrði um starfsreynslu. Ekki er ágreiningur um að bæði Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Siglingaskólinn njóti viðurkenningar menntamálaráðuneytisins til þess að brautskrá nemendur á grundvelli þessarar greinar.

2. Framhaldsskólalög

Stýrimannaskólinn starfar nú eftir framhaldsskólalögum nr. 80/1996. Hefur skólinn talið heimild sína til þess að bjóða upp á námskeið af þessu tagi byggja á almennri heimild í 33. gr. laganna til að bjóða nám í öldungadeildum.

33. gr. framhaldsskólalaga hljóðar svo:

„Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum. Nám í öldungadeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða gjald sem nemur hæst þriðjungi kennslulauna. Menntamálaráðherra setur reglur um hlutdeild öldungadeildanemenda í efniskostnaði. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.“

Skólastjóri Siglingaskólans hefur talið að nærtækara væri að líta til 34. gr. framhaldsskólalaganna þegar verið er að fjalla um námskeiðahald Stýrimannaskólans í Reykjavík til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda.

34. gr. laganna hljóðar svo:

„Framhaldsskóla er heimilt, með samþykki menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.“

Við athugun á efni lagagreinanna og þeim aðstæðum, sem eru fyrir hendi í máli þessu, virðist hvorug lagagreinin eiga við samkvæmt orðanna hljóðan. Námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda virðast það sjálfstæð, að langsótt sé að telja þau til náms í öldungadeild framhaldsskóla skv. 33. gr. Fær sú skoðun einnig stoð í ákveðnum viðhorfum forráðamanna skólans, sem m.a. birtast í viðtali við Víði Sigurðsson, skólameistara skólans, í Morgunblaðinu 28. október sl., sem fylgir með bréfi þessu. Í viðtalinu er skólameistarinn að lýsa breytingum á skipulagi skólans og segir m.a.:

„Það má einnig nefna það að 30 rúmlesta réttindanámið hefur nú verið sett upp í áfanga og fellt inn í námið á sjávarútvegsbrautinni. Að sjálfsögðu verður einnig boðið upp á það nám á námskeiðum eins og verið hefur en með breyttu fyrirkomulagi.“

Samkvæmt þessum orðum er því ljóst, að af skólans hálfu er álitid að innan skólans sé boðið upp á tvær leiðir til að öðlast 30 rúmlesta skipstjórnarréttindi, annars vegar að stunda fullt nám á sjávarútvegsbraut skólans, sem er tveggja ára námsbraut skv. viðtalinu, eða að stunda réttindanámið á sjálfstæðum námskeiðum. Almenna námið á sjávarútvegsbraut skiptir ekki máli í sambandi við samkeppni Stýrimannaskólans við Siglingaskólann, en það gera hin sjálfstæðu námskeið aftur á móti. Ekkert hefur komið fram um að stofnuð hafi verið sérstök öldungadeild við skólann, eins og gert hefur verið við ýmsa aðra framhaldsskóla. Aðeins virðist vera um 30 rúmlesta námskeiðin að ræða. Hæpið er að telja, að þau geti ein og sér talist til öldungadeildarnáms í skilningi 33. gr. framhaldsskólalaganna og væri slíkur skilningur einnig langsóttur miðað við aðrar aðstæður í málinu.

Í 34. gr. er fjallað um sjálfstæð námskeið sem framhaldsskólar hafa heimild til að halda í samráði við aðra aðila. Þetta ákvæði á að sjálfsögðu ekki við samkvæmt orðanna hljóðan um námskeið Stýrimannaskólans þar sem hann stendur einn að námskeiðunum og á ekki í samstarfi við aðra um þau. Hins vegar virðist ekki óeðlilegt að svipuð sjónarmið geti átt við um sjálfstæð námskeið, sem skóli stendur einn að, og þau námskeið, sem hann heldur í samstarfi við aðra. Virðist því fremur mega líta til 34. gr. en 33. gr. þegar skipulag námskeiða Stýrimannaskólans er skoðað og fjallað um þá spurningu, hvort námskeiðsgjöld eigi að standa undir kostnaði og halda eigi kostnaði aðgreindum frá öðrum rekstri skólans. Þessi túlkun virðist einnig vera í allgóðu samræmi við orðalag í athugasemdum við 34. gr. í greinargerð með frumvarpi til framhaldsskólalaga.

3. Samkeppnislög

1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með síðari breytingum segir að markmið laganna sé að efla virka samkeppni í viðskiptum. Í 2. gr laganna kemur fram að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi, þar á meðal þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Telja verður, að sú samkeppni, sem á sér stað milli Stýrimannaskólans í Reykjavík og Siglingaskólans, falli undir gildissvið laganna. Má í því sambandi benda á fjölmörg dæmi úr skýrslum samkeppnisyfirvalda frá liðnum árum þar sem fjallað hefur verið um samkeppni milli opinberra aðila og einkaaðila. Má til dæmis benda á ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 12/1997 frá 7. maí 1997, þar sem fjallað var um samkeppni sumarskóla Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Sumarskólans sf.

Í 17. gr. laganna er gert ráð fyrir að Samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum, sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Nefnt er í dæmaskyni að hin skaðlegu áhrif geti falist í að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir og/eða að nýting framleiðsluþátta verði óhagkvæm vegna þess að valkostum viðskiptavina fækki, framleiðsla og sala verði dýrari og keppinautar útilokist frá markaðnum. Telja verður, að ákvæði 17. gr. geti átt við um samkeppni Stýrimannaskólans og Siglingaskólans, enda eru aðgerðir Stýrimannaskólans í verðlagningarmálum til þess fallnar að ná markaðsráðandi stöðu og geta leitt til þess að valkostir viðskiptavina verði færri og keppinautar útilokist frá markaðnum.

Í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaganna er gert ráð fyrir að Samkeppnisráð geti mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli þess hluta rekstrar opinbers fyrirtækis sem nýtur einkaleyfis eða verndar og þess hluta sem er í samkeppni og skuli þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi. Telja verður, að unnt sé að greina þannig á milli reglubundinnar starfsemi á sjávarútvegsbraut Stýrimannaskólans, sem ekki er í samkeppni, og námskeiðahaldsins til 30 rúmlesta réttinda, sem er í samkeppni, að unnt sé að beita fjárhagslegum aðskilnaði, skv. þessu ákvæði. Er í þessu sambandi ástæða til að vísa aftur til ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 12/1997.

Niðurstöður

Verslunarráð Íslands telur í ljósi þess sem að framan greinir, að ótvírætt sé um að ræða samkeppni milli þeirra 30 rúmlesta námskeiða, sem boðið er upp á hjá Siglingaskólanum og Stýrimannaskólanum. Verslunarráð telur að verðlagningarstefna Stýrimannaskólans sé til þess fallin að skólinn nái markaðsráðandi stöðu á þeim markaði sem hér um ræðir og því sé ástæða til þess að Samkeppnisráð gripi til viðeigandi ráðstafana á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Verslunarráð telur einnig eðlilegt að Samkeppnisráð mæli fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli þess hluta starfsemi Stýrimannaskólans sem er í samkeppni og þess hluta sem fjármagnaður er með ríkisframlagi á grundvelli heimildar í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Telur Verslunarráð ótvírætt að slík breyting yrði til þess fallin að stuðla að því að markmiðum samkeppnislaga verði náð, sbr. 1. gr. laganna“.

2.

Erindið var sent skólameistara Stýrimannaskólans til umsagnar með bréfi, dags. 17. des., 1998. Svar barst, dags. 6. janúar 1999. Þar segir m.a. að Stýrimannaskólinn hafi um langt árabil boðið upp á svokallað „30 rúmlesta réttindanámskeið“. Stefna skólans sé og hafi verið sú að þessi námskeið sem og önnur námskeið sem skólinn býður upp á standi undir sér fjárhagslega, þannig að ekki sé tekið af því fé sem ríkið veiti til reksturs reglulegrar starfsemi skólans, til að greiða kostnað við námskeiðin. Einnig segir að skólinn bjóði upp á fleiri námskeið og er þeim lýst í umsögninni.

Ennfremur segir:

„Í haust var auglýst 30 rúml. námskeið eins og venjulega. Verð námskeiðsins var ákveðið 38.000 kr. en ekki 19.000 kr. eins og fram kemur í erindi Siglingaskólans til Verslunarráðs Íslands.

Ég geri ráð fyrir að Siglingaskólinn fylgi nýrri námskrá 30 rúmlesta réttindanámsins.

Tók ég ákvörðun, á grundvelli fjölda umsókna, að halda námskeiðið. Áður hafði verið haft samband við marga umsækjendur til staðfestingar á umsókn. En þegar til átti að taka daginn sem námskeiðið hófst þá mætti einungis helmingur umsækjenda. Af því sést að þeir væntanlegu nemendur Siglingaskólans sem hættu við þátttöku í námskeiði hans komu ekki til Stýrimannaskólans á námskeið þetta haustið.

Hins vegar stóð ég frammi fyrir því að fella námskeiðið niður eða halda námskeiðið eins og ég gerði, en forsendurnar eru eftirfarandi:

- 1. Þarna voru komnir nemendur sem óskuðu eftir námskeiði þótt það væri talsvert dýrara en námskeið Siglingaskólans.*
- 2. Nokkrir nemendur á Sjávarútvegsbraut, og voru því í dagskóla, óskuðu eftir meira námi en við gátum boðið þeim þetta haustið. Við komum 30 rúmlesta náminu ekki fyrir í dagskóla. Ég ákvað því að bjóða þeim þátttöku á námskeiðinu. Það var búið að skipuleggja námið sem áfanga, námið var síðar á námsplani þessara nemenda, þeir höfðu borgað tilskilin skólagjöld og greiðslan kæmi til skólans fyrir þeirra nám þegar þar að kæmi.*
- 3. Mér þótti nauðsynlegt að „prufukeyra“ þetta nýskipulagða námsefni.*

Það gerðist síðan að til mín leituðu nemendur úr Vélskóla Íslands sem óskuðu eftir meira námi en þeir gátu fengið þar og spurðust fyrir um hvort þeir gætu komist á námskeiðið á sömu kjörum og Sjávarútvegsbrautarnemendurnir. Ég taldi það ekki mögulegt þar sem þeir væru ekki skráðir í Stýrimannaskólann í Reykjavík. En á grundvelli aukins samstarfs Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands ákvað ég að bjóða umræddum nemendum þátttöku á námskeiðinu fyrir hálf tölur eða 19.000 kr.

Ég tel vafasamt að bera saman námskeið Siglingaskólans og Stýrimannaskólans í Reykjavík þar eð tækjabúnaður þess síðarnefnda er, eftir því sem ég best veit, miklu mun betri.“

Ennfremur segir: „*Með þessu bréfi fylgir útreikningur á launakostnaði við 30 rúmlesta námið. Það er ekki tekinn inn kostnaður vegna húsnæðis eða skrifstofuhalds. Ég tel ekki eðlilegt að samkeppnisaðilar komist í þessar tölur.*“

3.

Umsögn skólameistara Stýrimannaskólans var send Verslunarráði Íslands til athugasemda með bréfi, dags. 21. jan. sl. Svar barst, dags. 8. febrúar. Þar segir m.a. að í bréfi Stýrimannaskólans komi fram að stefna skólans hafi verið sú að 30 rúmlesta réttindanámskeið skólans stæðu undir sér fjárhagslega. Verslunarráð hafi í erindi sínu sett fram efasemdir um að svo væri.

Ennfremur segir: „*Í bréfi Stýrimannaskólans kemur fram, að upphaflegt verð fyrir þátttöku í 30 rúmlesta réttindanámskeiði skólans hafi í haust verið ákveðið kr. 38.000. Síðar er þess getið að námskeiðsgjöld til tiltekins hluta þátttakenda (þ.e. nemenda Vélskólans) hafi verið lækkuð niður í kr. 19.000, sem er sú tala sem gengið var út frá í bréfi Verslunarráðs frá 26. nóvember sl. Ekki kemur hins vegar skýrt fram hvort sú verðlækkun náði einnig til annarra þátttakenda. Um aðra þátttakendur en Vélskólanemana kemur það eitt fram í bréfi Stýrimannaskólans, að nemendur á Sjávarútvegsbraut Stýrimannaskólans hafi verið teknir inn á þessi námskeið án þess að vera krafðir sérstakra námskeiðsgjalda. Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við það, enda ljóst að réttindanámi af þessu tagi er hluti af námi umræddra nemenda á Sjávarútvegsbraut. Stýrimannaskólinn og Siglingaskólinn voru ekki í beinni samkeppni um námskeið fyrir nemendur Sjávarútvegsbrautar, en hins vegar er ljóst að samkeppni ríkti um aðra þátttakendur, bæði nemendur Vélskólans og aðra þá sem áhuga höfðu á að afla sér margumræddra réttinda. Fyrir liggur að gjöld voru lækkuð verulega til Vélskólanemanna og verður að telja, meðal*

annars með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram koma í bréfi Stýrimannaskólans, að sú verðlækkun hafi haft þann tilgang að bæta aðstöðu námskeiða Stýrimannaskólans í samkeppninni, sem ríkti á markaðnum fyrir 30 rúmlesta réttindanám. Sama á eftir atvikum við um aðra þátttakendur en Vélskólanemana, hafi þeir notið sambærilegrar lækkunar á gjöldum.

Í þessu sambandi er að lokum rétt að benda á, að þrátt fyrir að vilji sé til aukins samstarfs milli Stýrimannaskólans og Vélskólans, breytir það ekki þeirri staðreynd, að um tvær aðskildar stofnanir með aðskilinn fjárhag er að ræða. 30 rúmlesta réttindanámið er ekki hluti af námi Vélskólanema en af skiljanlegum ástæðum hafa margir þeirra áhuga á að afla sér slíkra réttinda. Þeir geta valið milli námskeiða Stýrimannaskólans og Siglingaskólans og virðist ljóst að með verðlækkun til þeirra var Stýrimannaskólinn að styrkja stöðu sína í þeirri samkeppni.

Samkvæmt því sem kemur fram í bréfi Stýrimannaskólans voru Samkeppnisstofnun sendar upplýsingar um launakostnað vegna 30 rúmlesta réttindanámsins. Verslunarráð telur rétt að ítreka ábendingu, sem fram kom í upphaflegu bréfi þess til Samkeppnisráðs, um að taka verði tillit til annarra kostnaðarþátta þegar raunkostnaður Stýrimannaskólans vegna námskeiðanna er metinn. Þar var meðal annars vikið að námskeiðsgjöldum til Slysavarnaskóla sjómanna, hvers kyns húsnæðiskostnaði sem tengist námskeiðshaldinu, kostnaði vegna tækjabúnaðar, auglýsingakostnaði og margvíslegum umsýslu- og skrifstofukostnaði. Þennan kostnað verður að taka með í útreikninga til þess að unnt sé að leiða í ljós, hvort samkeppnisstarfsemi Stýrimannaskólans á þessu sviði sé niðurgreidd með fjármunum, sem ætlaðir eru til annarrar starfsemi skólans.

Að lokum er rétt að vekja athygli á ummælum í næstsíðustu málsgrein í bréfi Stýrimannaskólans, sem sýna greinilega að af hálfu skólans er litið svo á að um samkeppni sé að ræða á þessum markaði.“

4.

Bréf Verslunarráðs var sent Stýrimannaskólanum til athugasemda með bréfi, dags. 19. febrúar sl. Svar barst, dags. 1. mars. Þar segir m.a. að það hafi eingöngu verið nemendur Vélskólans, sem fengu að taka þátt í námskeiðinu fyrir kr. 19.000. Þessir nemendur hafi óskað eftir þátttöku eftir að námskeiðið hófst og ef þeir hefðu ætlað á námskeið í Siglingaskólanum, hefðu þeir væntanlega verið byrjaðir þar. Vakin er athygli á að verð námskeiðsins hjá

Siglingaskólanum var kr. 32.000, en kr. 38.000 hjá Stýrimannaskólanum. Ennfremur segir að ef gjaldið hjá Siglingaskólanum skili ásættanlegum arði við rekstur slíks fyrirtækis, þá hljóti gjaldið hjá Stýrimannaskólanum að standa undir eðlilegum kostnaði við rekstur námskeiðsins.

Ennfremur segir: „*Skoðun mín er enn sú, að námskeið sem boðið er upp á á vegum Stýrimannaskólans eiga að standa undir kostnaði. Það á ekki að taka peninga frá rekstri dagskóla til að borga niður halla á námskeiðum. Hins vegar er það talið sjálfsagt að afgangur sem verður af rekstri námskeiða renni til reksturs dagskóla og til áframhaldandi þróunar skólastarfsins.*“

5.

Með bréfi, dags. 3. mars sl., var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið yrði í framhaldi af því lagt fyrir samkeppnisráð. Sendur var listi yfir gögn málsins og Verslunarráði var sent bréf Stýrimannaskólans, dags. 1. mars, til upplýsinga.

II.

Niðurstöður

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 11. mars 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Skarphéðinn Þórisson, Ólafur Björnsson og Karítas Pálsdóttir.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar kvartar Verslunarráð Íslands, í umboði skólastjóra Siglingaskólans, yfir samkeppni frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík vegna námskeiða til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda. Báðir skólarnir hafa leyfi menntamálaráðuneytisins til þess að útskrifa nemendur með slík réttindi. Kvartandi telur að Stýrimannaskólinn undirbjóði Siglingaskólann á markaðnum og sé þetta mögulegt þar sem margvíslegur kostnaður vegna námskeiðahaldsins sé greiddur með rekstrarfé frá ríkinu.

2.

Skólastjóri Siglingaskólans kvartaði til Samkeppnisstofnunar með bréfi, dags. 17. febr. 1998, vegna námskeiða Stýrimannaskólans. Eftir umsögn frá Stýrimannaskólanum beindi Samkeppnisstofnun fyrirspurn til menntamálaráðuneytisins, sem svaraði með svohljóðandi bréfi, dags. 7. júní 1998:

„Vísað er til bréfs yðar, dags. 27. maí 1998, þar sem spurst er fyrir um hvort námskeið til 30 rúmlesta réttinda sem Stýrimannaskólinn í Reykjavík heldur falli undir 34. gr. framhaldsskólalaga nr. 80/1996.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur á undanförunum árum haldið svokölluð 30 rúmlesta námskeið þar sem þátttakendur hafa greitt námskeiðsgjöld. Eftir því sem ráðuneytinu er kunnugt hefur skólinn staðið einn fyrir þessum námskeiðum og ekki í samvinnu við aðra eins og 34. grein laga um framhaldsskóla kveður á um. Kostnaður vegna námskeiðanna er þó greiddur að fullu af þátttakendum. Hins vegar er þetta nám frá og með haustönn 1997 hluti af námskrá framhaldsskólans, sbr. námskrá fyrir sjávarútvegsbraut sem ráðherra staðfesti haustið 1997 og því nærtækara að segja að þetta námskeiðahald heyri undir 33. grein framhaldsskólalaga.“

M.a. með hliðsjón af þessum upplýsingum, þar sem fram kemur að námskeiðin verði hluti af námsskrá fyrir sjávarútvegsbraut skólans, taldi Samkeppnisstofnun ekki tilefni til frekari afskipta af málinu.

2.

Í gögnum málsins kemur fram að námskeiðið hefur nú verið sett upp í áfanga og felld inn í námsskrá á sjávarútvegsbraut, en jafnframt sé boðið upp á þetta nám á námskeiðum, eins og verið hefur, en með breyttu fyrirkomulagi. Á 30 rúmlesta námskeiði Stýrimannaskólans síðastliðið haust var hluti af nemendum af sjávarútvegsbraut skólans, en að sögn skólameistara komst námið ekki fyrir í dagskóla. Kvörtun þessi beinist ekki að kennslu þessarra nemenda. Um aðra nemendur telur kvartandi að sé samkeppni milli skólanna.

Almennt verð á námskeiðum hjá Stýrimannaskólanum er kr. 38.000, en hjá Siglingaskólanum kr. 32.000. Námskeiðsgjöld fyrir námskeið Stýrimannaskólans eru því 19% hærrí heldur en námskeiðsgjöld Siglingaskólans. Ekki virðist því að um sé að ræða að Stýrimannaskólinn undirbjóði Siglingaskólann í auglýstu verði fyrir námskeiðin.

Á síðastliðnu hausti bauð Stýrimannaskólinn nemendum Vélskóla Íslands þátttöku í námskeiðinu fyrir kr. 19.000. Þetta var samkvæmt umsögn skólameistara skólans eftir að námskeiðið hófst. Þessir nemendur hefðu hugsanlega síðar sótt námskeið hjá Siglingaskólanum, ef þeim hefði ekki boðist námskeiðið á þessu verði. Um var að ræða fjóra nemendur.

3.

Í gögnum málsins kemur fram að Stýrimannaskólinn hóf kennslu til 30 rúmlesta réttinda árið 1985, og hefur að jafnaði útskrifað um 31 nemanda á hverju skólaári. Siglingaskólinn hóf kennslu árið 1984 og hefur að jafnaði útskrifað um 57 nemendur á hverju skólaári. Markaðshlutdeild Stýrimannaskólans er samkvæmt þessu 35%, en markaðshlutdeild Siglingaskólans 65%. Miðað við 38.000 króna námskeiðsgjald og 31 nemanda er ársvelta á námskeiðum Stýrimannaskólans um 1.178.000 krónur.

4.

Í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er ákvæði um að samkeppnisráði sé heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar og starfar jafnframt í samkeppni við aðra aðila. Við hinn fjárhagslega aðskilnað skal þess gætt að samkeppnisreksturinn sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða vernduðu starfsemi.

Stýrimannaskólinn, sem þiggur fé frá ríkissjóði til þess að standa straum af lögbundinni starfsemi sinni, heldur einnig námskeið til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda í samkeppni við annan aðila á markaðnum. Það eru því skilyrði til þess að beita fyrrgreindu heimildarákvæði gagnvart námskeiðum Stýrimannaskólans til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda. Kvartandi í málinu heldur því fram að Stýrimannaskólinn undirbjóði fyrirtæki sitt á markaðnum í skjóli rekstrarfjár frá ríkinu. Staðreyndin er hins vegar sú að námskeiðsgjöld Stýrimannaskólans eru 19% hærri heldur en námskeiðsgjöld Siglingaskólans. Markaðshlutdeild Stýrimannaskólans er um 35%, en Siglingaskólans 65%. Í athugasemdum menntamálaráðuneytisins segir að kostnaður vegna námskeiða Stýrimannaskólans sé að fullu greiddur af þátttakendum. Í umsögnum Stýrimannaskólans kemur fram að það sé vilji skólans að námskeiðin standi undir kostnaði. Til þess að taka af allan vafa um að námskeiðsgjöld nemenda fyrir 30 rúmlesta skipstjórnarnámskeið Stýrimannaskólans standi undir kostnaði við námskeiðahaldið er það mat samkeppnisráðs að námskeiðin skuli vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi skólans.

Fram kemur í gögnum málsins að skylt sé að senda nemendur, sem eru á umræddum námskeiðum á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Siglingaskólinn þarf að greiða kr. 3.000 fyrir hvern nemenda hjá Slysavarnaskólanum. Stýrimannaskólinn þarf ekki að greiða fyrir sína nemendur, vegna

samninga milli ríkisins og Slysavarnaskólans. Það er mat samkeppnisráðs að Stýrimannaskólinn skuli reikna þessi gjöld inn í kostnað við námskeiðin.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli rekstrar námskeiða Stýrimannaskólans í Reykjavík til 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda og annarrar starfsemi Stýrimannaskólans með eftirfarandi hætti:

- 1. Stofnuð verði sérstök eining um starfsemi námskeiðanna og skal reiknishald námskeiðahaldsins vera sjálfstætt og reiknisskil vera í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga.**
- 2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning vegna þeirra eigna sem námskeiðunum verða lagðar til, ef einhverjar verða. Eignir skulu yfirfærðar á markaðsverði ef þess er kostur, annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.**
- 3. Skuldir námskeiðahaldsins við Stýrimannaskólann í Reykjavík beri markaðsvexti, en óheimilt verði að námskeiðahaldið skuldi Stýrimannaskólanum annað en lán vegna yfirtöku eigna í upphafi svo og lán vegna eðlilegra viðskipta.**
- 4. Námskeiðahaldið greiði fyrir þá aðstöðu sem námskeiðin nýta sameiginlega með annarri starfsemi Stýrimannaskólans, þ.m.t. yfirstjórn, húsnæði og vinnuafli, eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða.“**

